

Umhverfisstofnun Áb. <i>ÓA</i>
19 MARS 2004
Tilv. <i>UST2004030034</i>



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Postbústaður 24
101 Reykjavík, Ísland

Tel. 4600419 / 2000

Fax 4600420 / 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Auður Yr Sveinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík

19. mars 2004

Tilvísun: UST2004030034/óá

Stækkun fiskeldisstöðvar Silfurstjörnnunnar í Öxarfjarðarhreppi í 1600 tonna ársframleiðslu. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 1. mars sl., þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdalýsing

Framkvæmdin felst í því að auka framleiðslugetu stöðvarinnar úr 1100 tonnum á ári í 1600 tonn. Í stöðina bætast við 6 ný ker, sem eru 1 m djúp og 12 m í þvermál og er rúmmál þeirra 113 rúmmetrar. Botn kerjanna er steiptur en kerin sjálf sett saman úr stáleiningum. Við framkvæmdina eykst heildareldisrými stöðvarinnar um u.þ.b. 3% eða í um 22.600 rúmmetra. Ekki er bætt við eða aukinn dælubúnaður stöðvarinnar nema með þeim lögnum sem liggja að og frá nýju kerjunum.

Við stækkun stöðvarinnar mun framleiðslan aukast um allt að að 45% á ári umfram núgildandi starfsleyfi. Framleiddar eru 5 tegundir í stöðinni í dag, þ.e. lax, bleikja, regnbogaurriði, sandhverfa og lúða. Fyrirhugað er að hætta eldi á regnbogaurriða og leggja aukna áherslu á eldi flatfiska, þ.e. sandhverfu og lúðu.

Vatnsnotkun

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að núverandi vatnsnotkun stöðvarinnar er 1400-1500 l/s. Dæling úr borholum og með sjódælum gefur möguleika á alls 1800 l/s vatni, auk 60 l/s úr borholu sem ekki hefur verið virkjuð ennþá. Að mati Orkustofnunar er niðurdráttur vatnsborðs vegna dælingar úr borholum tiltölulega lítill og hafa ekki komið fram áhrif á vatnsbúskap á yfirborði, sbr. gögn framkvæmdaraðila og minnisblað Orkustofnunar frá 19. mars 2001.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila er gert ráð fyrir að endurnýta það vatn sem notað verður í nýju flatfiskakerin hjá öðrum tegundum sem aldar eru við lægra hitastig og eykst gegnumstreymi vatns um 15-18%. Þar sem um endurnýtingu vatns og loftun þess verður að ræða mun stækkun fiskeldisstöðvarinnar í 1600 tonn ekki hafa aukna vatnsnotkun í för með

sér.

Miðað við framangreint mun stækkun stöðvarinnar ekki hafa aukin áhrif á vatnsbúskap.

Mengun

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila má gera ráð fyrir að magn úrgangsefna per einingu í frárennslisvatni stöðvarinnar hækki örlítið vegna aukningar á fóðurnotkun og lífmassa. Sú breyting verði þó óveruleg í ljósi þeirra mælinga sem gerðar hafa verið á efnainnihaldi í inntaks- og frárennslisvatni stöðvarinnar. Framkvæmdaraðili bendir á að frárennslis stöðvarinnar sé veitt í Brunná en í hana renni jökulvatn, þar sem Brunná og Sandá, sem er kvísl úr Jökulsá á Fjöllum, renni saman norðan við Klifshaga. Þá bendir framkvæmdaraðili á að niðurstöður vatnsmælinga sýni að mæligildi séu langt fyrir neðan þau viðmið sem miðað er við í lögum og reglugerðum og í núgildandi starfsleyfi stöðvarinnar. Samkvæmt því fari fjarri að magn úrgangsefna í vatni nálgist þau viðmið sem sett hafa verið um hreinleika frárennslis stöðvarinnar.

Framkvæmdaraðili telur í ljósi þess hvað frárennslis stöðvarinnar rennur í stóran og öflugan viðtaka verði að teljast afar ólíklegt að sú litla aukning úrgangsefna sem vænta má við umrædda framleiðsluaukningu verði til þess að greina megi áhrif þess í lífríki árinna.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki liggja fyrir viðmið fyrir flokkun viðtaka frárennslis frá fiskeldisstöðinni, sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Einnig bendir stofnunin á að í tilkynningu um framkvæmdina koma ekki fram upplýsingar um rennslismagn Brunnár yfir árið og sveiflur í rennslis samanborið við fráveitumagn og þar með hversu mikil þynningin verður. Benda má á að áin er stundum vatnslítill og ekki ávallt sem blöndunar við jökulvatn gætir.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina er stöðinni skylt að sjá um að frágangur við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn sé ekki:

- Set eða útfellingar
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Við eftirlit Umhverfisstofnunar með starfsemi stöðvarinnar hefur komið í ljós að frá stöðinni berast fóðurleifar og ber á sjónmengun í og við farveg Brunnár, þ.e. froðu og fitubræk. Umhverfisstofnun bendir á að 45% framleiðsluaukning er veruleg aukning og að samfara þeirri aukningu í framleiðslu hlýtur að aukast mengun í frárennslis. Stofnunin bendir á að koma þarf í veg fyrir fyrrgreinda mengun og að samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 skal beita bestu fánlegu tækni við mengunarvarnir í þeim atvinnugreinum þar sem slíkt hefur verið skilgreint. Starfsleyfi starfandi atvinnurekstrar skulu uppfylla kröfu um bestu fánlegu tækni eða um viðbótarráðstafanir eigi síðar en 31. október 2007 skv. reglugerðinni.

Umhverfisstofnun telur ljóst að mengun muni aukast komi til stækkunar fiskeldisstöðvarinnar og sé nauðsynlegt að bæta mengunarvarnir vegna þess. Stofnunin telur þó ekki líklegt að stækkunin muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif hvað þennan þátt varðar.

Framkvæmdatími

Í tilkynningu um framkvæmdanna kemur fram að smíði kerjanna sjálfra og frágangur lagna hefur staðið frá 20. júní 2003 og eru áætluð verklok 1. febrúar 2004.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdir eru hafnar áður en fyrir liggur ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar.

Verndarsvæði

Affallsvatn frá stöðinni fellur í Brunná en áin er innan svæðis sem lagt er til að verði friðlýst í þingsályktunartillögu umhverfisráðherra um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Svæðið sem lagt er til að verði verndað er um 220 km² að stærð og tilheyrir sveitarfélögunum Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi. Nyrsti hluti svæðisins er á náttúruminjaskrá (svæði 532) vegna fjölbreytileika votlendis og auðugs fuglalífs. Talið er mikilvægt að vernda svæðið vegna fjölbreytni og fjölda fugla, alþjóðlegs mikilvægis svæðisins og vegna þess að þar finnast sjaldgæfar tegundir fugla og plantna. Talið er mikilvægt að vernda svæðið með sérstakri áherslu á flórgoða og að svæðið verði gert að friðlandi. Mörk svæðisins eru sett fram með fyrirvara og líta þar á þau sem tillögur að mörkum sem nánar verður fjallað um við undirbúning friðlýsingar.

Lífriki Brunnár

Eins og fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila rennur affallsvatn frá fiskeldisstöðinni í Brunná. Í ánni eru bæði sjóbleikja og sjóbirtingur og í hana eru seld veiðileyfi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að starfsemi fiskeldisstöðvarinnar hafi ekki áhrif á lífríki Brunnár.

Starfsleyfi

Umhverfisstofnun bendir á að stækkun fiskeldisstöðvarinnar úr 1100 tonna ársframleiðslu í 1600 tonn, þ.e. 45% aukning í framleiðslugetu, er það mikil stækkun að sækja verður um nýtt starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina.

Skipulag


Í gögnum um framkvæmdina kemur fram að ekki er til deiliskipulag fyrir framkvæmdasvæðið. Umhverfisstofnun bendir á að mynd 1 í gögnum framkvæmdaraðila er afstöðumynd sem sýnir mannvirki fiskeldisstöðvarinnar en ekki er svæðisskipulag fyrir stöðina eins og tilgreint er í gögnum framkvæmdaraðila.


Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ljóst að með þeirri framleiðsluaukningu sem fyrirhuguð er muni gæta aukinnar mengunar frá fiskeldisstöðinni. Nauðsynlegt sé því að grípa til ráðstafana til að bæta mengunarvarnir og finna varanlega lausn á meðferð, nýtingu eða förgun seyru. Verði fyrirhuguð stækkun heimiluð verður tekið á þessum þáttum í tengslum við útgáfu nýs starfsleyfis fyrir fiskeldisstöðina.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt,


Ólafur Arnason


Gunnar S Jónsson